



151. fundur Byggðarráðs
F26-07-066

Byggðarráð Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 22.7.2026, 15:00 – 16:27. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Zophonías Ari Lárusson
Ritari: Pétur Arason
Fundinn sátu: Grímur Rúnar Lárusson aðalmaður
Jón Gíslason áheyrnarfulltrúi
Sævar Örn Björgvinsson varamaður
Zophonías Ari Lárusson aðalmaður

1. M26-07-434 - Akstur í FNV

Lögð fram til kynningar drög að reglum um skólaakstur framhaldsskólanema frá Húnabyggð í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í takt við umræður fundarins.

2. M26-07-435 - Ströngukvíslarskáli - borun eftir köldu vatni

Byggðarráð tekur jákvætt í að Húnabyggð taki þátt í verkefninu að því gefnu að sveitarfélagið Skagafjörður komi að verkefninu samkvæmt eignarhluti sínum. Þá óskar byggðarráð eftir því að nákvæmari gögn fylgi umsókninni. Sveitarstjóra falið að koma málinu áfram með sveitarfélaginu Skagafirði og Upprekstrarfélagi Eyvindastaðarheiðar.

3. M26-06-098 - Tjaldsvæði

Lagður fram til kynningar og samþykktur undirskrifaður skammtímasamningur út október 2026 um leigu á tjaldsvæðum í þéttbýli Húnabyggðar.

4. M26-06-100 - Reykir

Lagður fram til kynningar samningur vegna kaupa á landspildu á Reykjum. Byggðarráð felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

5. M26-07-436 - Hafnarsvæði - tillögur að aðgerðum

Lagt fyrir erindi frá Sævari Björgvinssyni er varðar uppbyggingu við höfnina á Blönduósi. Byggðarráð tekur undir að það sé tímabært að svæðið við höfnina verði skoðað og mannvirkin þar sömuleiðis og lagðar fram tillögur að nauðsynlegum aðgerðum. Byggðarráð felur sveitarstjóra að skipa vinnuhóp sem skoða mun málið og skila tillögum til byggðarráðs.

6. M26-07-437 - Skuldskeyting á lánum byggðarsamlags um félags- og skólaþjónustu

Tekin fyrir skuldskeyting (aðilaskipti) milli sveitarfélaganna Húnabyggðar og Skagastrandar á lánum byggðarsamlags um Félags- og skólaþjónustu sem nauðsynleg er vegna slita byggðarsamlagsins. Ákvörðunin felur í sér lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga með veði í tekjum sveitarfélagsins.

Byggðarráð áréttar að byggðarráð hefur fullnaðarafgreiðsluvald fyrir hönd sveitarstjórnar og er því eftirfarandi bókunin gerð í nafni byggðarráðs.

Byggðarráð Húnabyggðar samþykkir hér með á 151. fundi sínum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna skuldskeytingar á lánum Félags- og skólaþjónustu A-Hún hjá Lánasjóðnum sem nemur 74,98% af eftirstæðri fjárhæð lánanna. Lántakan verður með sama lánstíma og vaxtakjörum og núverandi lán Félags- og skólaþjónustu A-Hún og hefur byggðarráð kynnt sér núverandi skilmála lánasamninga Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Til tryggingar láninu þ.m.t. höfuðstól, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði, samþykkir byggðarráð að tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, verði veðsettar. Lánið er tekið til endurfjármagna lán Félags- og skólaþjónustu A-Hún hjá Lánasjóðnum vegna slita á byggðasamlaginu. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Jafnframt er Pétur Bergþóri Arasyni, sveitarstjóri til 1. október 2026, kt. 270770-4879 og Svavari Pálssyn, sveitarstjóri frá 1. október 2026, kt. 060874-3449, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Húnabyggðar, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

7. M26-07-439 - Umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags

Umsóknir samþykktar og bókun byggðarráðs færð í trúnaðarbók.

8. M26-07-438 - Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Umsókn samþykkt og bókun byggðarráðs færð í trúnaðarbók.

9. M26-06-129 - Haukagilsheiði

Lögð fram til kynningar áfrýjun í dómsmáli er varðar umgengni um Haukadalsheiðarveg.

10. F26-07-067 - 10. fundur umhverfisnefndar

Fundargerð 10. fundar umhverfisnefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 151. fundi byggðarráðs eins og einstök erindi bera með sér. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af byggðarráði með þremur atkvæðum samhljóða.

10.1. M26-07-421 - Kosning formanns og varaformanns umhverfisnefndar 2026

Borin var upp tillaga um að Erla Jónsdóttir yrði formaður og Guðmundur Haukur Jakobsson varaformaður umhverfisnefndar. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

10.2. M26-07-422 - Erindisbréf umhverfisnefndar 2026

Erindisbréf umhverfisnefndar lagt fram til kynningar. Umhverfisnefnd frestar staðfestingu erindisbréfs.

10.3. M26-07-427 - Umhverfisverðlaun Húnabyggðar 2026

Farið yfir niðurstöður tilnefninga íbúa Húnabyggð vegna umhverfisverðlauna 2026. Umhverfisverðlaun Húnabyggðar 2026 hljóta:

- Í dreifbýli Örlygsstaðir – Rafn Sigurbjörnsson
- Í þéttbýli Heiðarbraut 14 – Guðrún Kristófersdóttir og Páll Ingþór Kristinsson
- Fyrirtæki: Rarik

10.4. M26-07-426 - Bakhópur Sambandsins - loftslagsmál (fundur nr. 5)

Lagt fram til kynningar.

10.5. M26-07-424 - Bakhópur Sambandsins - loftslagsmál (fundur nr. 6)

Lagt fram til kynningar.

10.6. M26-07-425 - Bakhópur Sambandsins - loftslagsmál (fundur nr. 7)

Lagt fram til kynningar.

10.7. M26-07-423 - Endurnýjun starfsleyfis fyrir móttökusvæði fyrir óvirkan úrgang

Lagt fram til kynningar bréf Heilbrigðiseftirlits NV um endurnýjun starfsleyfis fyrir móttökusvæði fyrir óvirkan úrgang. Umhverfisnefnd felur sveitarstjóra að uppfæra starfsleyfið og skila til nefndarinnar yfirsýn yfir þau móttökusvæði sem undir starfsleyfið falla. Miklar umræður urðu í nefndinni um meðhöndlun úrgangs.

Ákveðið að fastur fundartími nefndarinnar sé fyrsti þriðjudagur í mánuði klukkan 15:00

11. M26-07-441 - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 30. fundur

Málið tekið af dagskrá.

12. F26-07-068 - 1. fundur velferðarnefndar

Fundargerð 1. fundar velferðarnefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 151. fundi byggðarráðs eins og einstök erindi bera með sér. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af byggðarráði með þremur atkvæðum samhljóða.

12.1. M26-07-413 - Kosning formanns og varaformanns velferðarnefndar

Ragnhildur Haraldsdóttir lagði fram þá tillögu að Ragnhildur Haraldsdóttir yrði formaður og Ásdís Ýr Arnardóttir yrði varaformaður velferðarnefndar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

12.2. M26-07-414 - Erindisbréf velferðarnefndar 2026

Velferðarnefnd staðfestir erindisbréf velferðarnefndar 2026-2030 samhljóða. Velferðarnefnd beinir því til félagsmálastjóra, samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar, að biðja sveitarfélagið Skagaströnd um að tilnefna áheyrnarfulltrúa í velferðarnefnd.

Bókun fundar

Byggðarráð hafnar staðfestingu erindisbréfs þar sem ákvæði í því stangast á við samþykktir Húnabyggðar. Byggðarráð vísar því velferðarnefndar að laga ákvæði í þriðja kafla erindisbréfsins er varðar fullnaðarafgreiðslu mála.

12.3. M26-07-416 - Fundargerð 50. fundar fagráðs um málefni fatlaðs fólks á NV

Umræður sköpuðust um sumarhátíð fatlaðs fólks og þann skamma fyrirvara sem gefin var á þátttöku fyrir íbúa Húnabyggðar. Mikilvægt er, ekki síst þar sem þetta hefur gerst áður, að skipulag þessa viðburðar verði bætt á næsta ári. Lögð fram til kynningar fundargerð 50. fundar fagráðs um málefni fatlaðs fólks á NV. Velferðarnefnd áréttar að fulltrúi Húnabyggðar í samráðshópi um málefni fatlaðs fólks á Norðulandi vestra er Guðmundur Haukur Jakobsson.

12.4. M26-07-417 - Erindi frá Sigurlaugu Gísladóttur

Velferðarnefnd þakkar Sigurlaugu fyrir erindið og hvetur hana í áframhaldandi hagsmunagæslu þeirra sem þurfa stuðning heilbrigðis- og félagsmálakerfisins.

12.5. M26-07-415 - Samkomulag við ríkið varðandi börn með fjölþættan vanda

Velferðarnefnd Húnabyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum af nýrri reglugerð Mennta- og barnamálaráðuneytisins sem gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Með reglugerðinni hefur ríkið einhliða þrengt skilgreiningu hópsins með þeim afleiðingum að ábyrgð og kostnaður flyst í auknum mæli yfir á sveitarfélög. Nefndin telur breytinguna óásættanlega og fela í sér alvarlegan trúnaðarbrest gagnvart sveitarfélögum. Jafnframt bendir nefndin á að þjónusta við börn með fjölþættan vanda er afar kostnaðarsöm og geta slík úrræði numið nokkrum milljónum króna á mánuði fyrir hvert barn. Ljóst er að erfitt er fyrir lítil og meðalstór sveitarfélög að standa undir slíkum kostnað. Velferðarnefnd beinir því til byggðarráðs að taka undir bókun velferðarnefndar. Bókun fundar Byggðarráð tekur undir bókun velferðarnefndar er varðar samkomulag við ríkið varðandi börn með fjölþættan vanda.

Nefndin ræddi fastan fundartíma og ákveðið var að fastur fundartími nefndarinnar sé annan mánudag í hverjum mánuði klukkan 13:00.

13. M26-07-440 - Skipulags- og samgöngunefnd 63. fundur

Fundargerð 63. fundar skipulags- og samgöngunefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 151. fundi byggðarráðs eins og einstök erindi bera með sér. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af byggðarráði með þremur atkvæðum samhljóða.

13.1. Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu vega af vegaskrá

Lagt var fram bréf frá Vegagerðinni, dags. 16. júní 2026, þar sem kynnt er fyrirhuguð niðurfelling hluta Svínadalsvegar (727-01) úr vegaskrá. Um er að ræða um þriggja kílómetra kafla frá Rútsstöðum að Hrafnabjörgum. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar uppfyllir vegurinn ekki lengur skilyrði vegalaga fyrir flokkun sem héraðsvegur þar sem ekki er lengur búseta á Hrafnabjörgum. Vegagerðin óskar eftir athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun innan fjögurra vikna frá dagsetningu bréfsins. Skipulags- og samgöngunefnd Húnabyggðar hefur farið yfir erindi Vegagerðarinnar um fyrirhugaða niðurfellingu hluta Svínadalsvegar (727-01) úr vegaskrá. Nefndin felur skipulags- og byggingafulltrúa að svara erindinu í samráði við landeigendur.

13.2. Umsókn um leyfisveitingu fyrir vöktunarreit austan Kleifa

Lagt var fram erindi frá Landi og skógi þar sem óskað er eftir heimild til að koma fyrir vöktunarreit í landi Húnabyggðar við Blönduós í tengslum við kolefnisverkefni sem er hluti af loftslagsbókhaldi Íslands. Fram kemur að á svæðinu verði lagður út 10x10 metra vöktunarreitur þar sem framkvæmdar verða mælingar á gróðri og jarðvegi auk sýnatöku til að meta kolefnisbirgðir jarðvegs. Að loknum mælingum verði einungis tveir litlir tréhælar eftir til að marka staðsetningu reitsins. Áætlað er að vinna á svæðinu fari fram um miðjan júlí 2026. Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja erindi Lands og skógar um uppsetningu vöktunarreits í landi Húnabyggðar við Blönduós vegna mælinga á kolefnisbirgðum jarðvegs.

Bókun fundar

Byggðarráð staðfestir afgreiðslu skipulags- og samgöngunefndar.

13.3. Umsókn um leyfisveitingu fyrir vöktunarreit á Grímstunguheiði

Lagt var fram erindi frá Landi og skógi þar sem óskað er eftir leyfi til að leggja út sex vöktunarreiti í landi Grímstunguheiðar í tengslum við kolefnisverkefni sem er hluti af loftslagsbókhaldi Íslands. Markmið verkefnisins er að mæla kolefnisbirgðir í jarðvegi með gróður- og jarðvegsmælingum og sýnatöku á skilgreindum reitum. Fram kemur að fjórir reitanna hafi áður verið lagðir út árið 2023 í tengslum við langtímavöktunarverkefnið Grólinn. Að loknum mælingum verða einungis tveir litlir tréhælar eftir á hverjum reit til að marka staðsetningu hans. Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja erindi Lands og skógar með fyrirvara um samþykki landeiganda á uppsetningu sex vöktunarreita í landi Grímstunguheiðar vegna mælinga á kolefnisbirgðum jarðvegs.

Bókun fundar

Byggðarráð staðfestir afgreiðslu skipulags- og samgöngunefndar.

13.4. Húnabraut 1-9, merkjalýsing

Lögð var fram merkjalýsing fyrir Húnabraut 1, 3, 5, 7 og 9 í Húnabyggð, dags. 18. júní 2026, unnin samkvæmt lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001 og reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024. Merkjalýsingin felur í sér breytingar á lóðarmörkum umræddra lóða og skilgreinir nýja afmörkun þeirra með hnitsettum landamerkjum. Jafnframt eru gerð grein fyrir stærðum lóða fyrir og eftir breytingar, eignarhaldi og þinglýstum kvöðum og réttindum sem á lóðunum hvíla. Merkjalýsingin hefur verið undirrituð af hlutaðeigandi aðilum. Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða merkjalýsingu fyrir Húnabraut 1, 3, 5, 7 og 9 í Húnabyggð.

Bókun fundar

Byggðarráð staðfestir afgreiðslu skipulags- og samgöngunefndar.

13.5. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 29

Lögð fram til kynningar 29. fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa. Lagt fram til kynningar.

13.5.1 2606015 Kjarr, umsókn um byggingarleyfi.

Byggingarfulltrúi samþykkir umsókn um byggingarleyfi fyrir nýbyggingu á landeigninni Kjarr, L230782, samkvæmt framlögðum aðaluppdráttum og öðrum fylgigögnum.

13.5.2 2606014 Hnausar Lóð 2, umsókn um byggingarleyfi.

Byggingarfulltrúi samþykkir umsókn um byggingarleyfi fyrir nýbyggingu frístundahúss á Hnausum lóð 2, L221552, samkvæmt framlögðum aðaluppdráttum og öðrum fylgigögnum.

13.5.3 2606013 Umsókn um stöðuleyfi, tjaldsvæði.

Byggingarfulltrúi samþykkir umsókn Húnabyggðar um stöðuleyfi fyrir einum 20 feta gám sem nýta á sem salernisaðstöðu á fyrirhuguðu tjaldsvæði sveitarfélagsins.

14. F26-06-063 - 24. fundur atvinnu- og menningarnefndar

Fundargerð 24. fundar atvinnu- og menningarnefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 151. fundi byggðarráðs eins og einstök erindi bera með sér. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af byggðarráði með þremur atkvæðum samhljóða.

14.1. M26-06-339 - Kosning formanns og varaformanns atvinnu- og menningarnefndar

Tillaga að formanni og varaformanni Lögð fram tillaga að Sævar Björgvinsson verði formaður nefndarinnar og Kristófer Kristjánsson verði varaformaður. Tillagan samþykkt samhljóða.

14.2. M26-06-340 - Erindisbréf atvinnu- og menningarnefndar

Erindisbréf fyrir atvinnu- og menningarnefnd lagt fram og samþykkt með áorðnum breytingum.

14.3. M26-06-341 - Dagsetning Prjónagleði

Umræður um dagsetningar Prjónagleði og mögulega árekstra við aðra viðburði, svo sem Smábæjarleika á Blönduósi og sjómannadagsgleði víða um land. Það er ekki gott að hafa Smábæjarleikana sömu helgi og Prjónagleðina en báðir viðburðir skipta miklu fyrir samfélagið í heild. Tillaga frá verkefnastjóra Prjónagleði að fastsetja dagsetningar fyrir Prjónagleðina nokkur ár fram í tímann. Málinu vísað til byggðarráð til nánari umræðu og úrvinnslu. Húnabyggð - Húnabraut 5 - 540 Blönduósi - sími 455 4700 - www.hunabyggd.is

14.4. M26-06-342 - Viðburðir á vegum Húnabyggðar

Kynning á viðburðum innan Húnabyggðar á árinu. Svanhildur Pálsdóttir fór yfir hvernig síðasta Prjónagleði tókst. Hún var sú stærsta frá upphafi og komu 7-800 manns á hátíðina sem dreifðist víða um Blönduós. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði og stendur hátíðin undir sér fjárhagslega, með framlagi sveitarfélagsins. Kristín Ingibjörg Lárusdóttir og Baldur Haraldsson kynntu viðburðadagatal sem þau hafa tekið saman um fjölbreytta viðburði sem fara fram í sveitarfélaginu, hvort sem sveitarfélagið kemur að þeim beint eða ekki. Húnataka er þar stærsti viðburðurinn sem sveitarfélagið stendur fyrir og voru drög að dagskrá kynnt, sem fara í birtingu fljótlega. Nefndin fagnar þeim fjölbreyttu verkefnum og viðburðum sem verkefnastjórar kynntu og hvetja íbúa og gesti sveitarfélagsins til að taka þátt. Nefndin vísar til landbúnaðarnefndar að fjalla um viðburð tengdan stóðsmölun á Laxárdal. Svanhildur Pálsdóttir vék af fundi eftir þennan dagskrárlið.

14.5. M26-06-344 - Styrkjamál og ferðamál

Kynning á styrkjamálum og þróunarverkefnum. Baldur Haraldsson kynnti styrki sem sveitarfélagið hefur fengið fyrir ýmis verkefni sem unnin eru á vegum Húnabyggðar á árinu. Þar má nefna verkefni í Kálfshamarsvík, Gamla bænum á Blönduósi og stafrænan Vatnsdæluþel. Nefndin þakkar fyrir góða kynningu á verkefnum sem eru framundan og sveitarstjóra falið að setja upplýsingar um þau á heimasíðu sveitarfélagsins.

14.6. M26-06-345 - Önnur mál atvinnu- og menningarnefndar

Umræður urðu um atvinnuuppbyggingaráætlun fyrir sveitarfélagið sem þörf er á að vinna og vinna þarf að áfram á næstu fundum. Rætt um fastan fundartíma nefndar. Ákveðið að fundartími atvinnu- og menningarnefndar verði fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 14:00 á Húnabraut 5.

15. M26-06-107 - Fundargerðir stjórnar SSNV 2026

Lagt fram til kynningar.